

Ásdís Thoroddsen,  
Bergstaðastræti 28 A,  
101 Reykjavík.

Reykjavík 13.12.2013

Til Alþingis við Austurvöll,  
Umhverfis- og samgöngunefndar,  
Reykjavík.

Netfang: nefndasvid@althingi.is

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd,  
nr. 60/2013. (Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013 – 2014).

Háttvirtu nefndarmenn.

Eitt helsta atriðið sem angrar mig við afturköllun frumvarps til náttúruverndarlaga er gerræðið sem í því er fólgið og brot á lýðræðislegum hefðum.

Faglegur grunnur að náttúruverndarlögunum nr. 60/2013 var mjög vel unninn sem sjá mátti á hvítbók ráðuneytisins. En lögunum skal varpað fyrir róða án rökstuðnings, án vilja til að lagfæra þau atriði sem eru ágreiningsefni.

Annað atriði er mér mikilvægt í þeim lögum sem umhverfisráðherra vill afturkalla, en það er samspilið milli eignarréttar og almennaréttar. Það er mér mikilvægt ekki einungis vegna þess að ég tilheyri almenningi og því er mér málið skylt, heldur einnig sem aðili sem hefur atvinnu af ferðaþjónustu:

Viss skilningur hefur ríkt á Íslandi sem og í öðrum nágrannalöndum frá örófi alda, að almenningur hafi rétt til þess að fara um eignarlönd og afrétti, á skynsamlegan hátt, þ.e. troði ekki tún o.s.fr. Bændur hafa alltaf haft hin forna skilning og engum sögum hefur farið um að þeir reyni að hefta för annarra landsmanna. En nú er komin fram ný stétt auðmanna sem er ekki í tengslum við líf fólksins í landinu. Þeir vilja setja þann skilning í eignarrétt á landi að þeir megi hamla för fólks, með hliðum og girðingum, skiltum og gjaldtöku. Í frumvarpinu, sem vegið er að, eru stigin skref til þess að festa almennaréttinn betur í nútímalögum.

Sem aðili í ferðaþjónustunni hef ég beina hagsmuni um að almennaréttur sé virtur og festur enn frekar í sessi. Sem almenningur eru hagsmunir mína líka augljósir.

Í þriðja lagi er ákvæði um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.(57. gr.) eru mun afdráttarlausari en í gildandi lögum (þar 37. gr.). Þetta er okkur í ferðaþjónustunni sérstaklega mikilvægt, svo að starfsemi okkar fái þrífist.

Ásdís Thoroddsen.